

Miðvikudaginn 2. júlí 1986.

Nr. 81/1985. **Marínó Jónsson**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

Samvinnutryggingum g.t.

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

Vátrygging. Greiðsla iðgjalds. Ábyrgð vátryggjenda. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1985. Hann krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 492.868,70 krónur með 15% ársvöxtum frá 1. mars 1984 til 28. júní s.á., en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hefur komið fram að giróseðlar, sem stefndi sendir viðskiptamönnum sínum, eru ritaðir í tölvu. Geymir tölvan upplýsingar um ritun seðlanna í minni sínu. Er því jafnan unnt að fá upplýsingar úr tölvunni skráðar á innheimtalista, eins og þann sem lagður er fram í málinu, um það hvort og hvenær giróseðill hafi verið ritaður. Þykir mega leggja til grundvallar að giróseðill vegna iðgjalds áfrýjanda fyrir tímabilið 8. september 1983 til 1. janúar 1984 hafi verið ritaður 21. september 1983 svo sem stefndi heldur fram og greint er á hinum framlagða innheimtalista.

Ekkert er komið fram sem veitir ástæðu til að ætla að giróseðillinn hafi ekki verið lagður í póst eftir að hann var ritaður, eins og tilætlunin var. Engin sennileg skýring er heldur komin fram er veiti líkur fyrir staðhæfingu áfrýjanda um að giróseðillinn hafi ekki borist honum. Verður því við það miðað í málinu að svo hafi verið. Styrkir það þá niðurstöðu, að áfrýjandi grennslaðist ekki eftir því hjá umboðsmanni stefnda á Þórshöfn hvað liði kröfu stefnda um greiðslu iðgjaldsins, svo sem ekki hefði verið ólíklegt að hann hefði gert, ef langur tími hefði liðið án þess giróseðillinn bærisk.

Samrit hins tölvuritaða gíróseðils liggur ekki fyrir í málinu. Hefur stefndi upplýst að hann haldi ekki eftir samritum sendra gíróseðla enda sé fullnægjandi að upplýsingar um ritun þeirra séu geymdar í minni bókhaldstölvu hans svo sem áður var lýst. Í málinu hefur hins vegar verið lagður fram gíróseðill sem áfrýjandi fékk frá stefnda ásamt endurnýjunarkvittun í janúar 1984. Sá gíróseðill er sagður ritaður á sams konar eyðublað og gíróseðillinn frá september 1983 og verður það lagt til grundvallar. Á eyðublað þetta er prentuð svofelld aðvörun: „Vanskil á váttryggingariðgjöldum geta valdið því að réttur yðar til bóta falli niður.“

Telja verður að gíróseðillinn, sem áfrýjanda var sendur í september 1983, hafi verið nægileg krafa um iðgjald í skilningi 14. greinar laga nr. 20/1954 af hendi stefnda. Þar sem iðgjald var enn ógreitt þegar veiðarfærin brunnu aðfaranótt 1. janúar 1984 bar stefndi ekki ábyrgð á því tjóni sem af hlaust, sbr. 14. gr. laga nr. 20/1954. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

Ég tel að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Áfrýjandi heldur því fram að hann hafi boðið fram greiðslu fyrsta iðgjaldsins er hann bað um váttrygginguna hjá umboðsmanni stefnda en hann hafi ekki viljað taka við henni og sagt að áfrýjandi yrði krafinn síðar með gíróseðli. Það var á valdi umboðsmannsins að áskilja greiðslu iðgjaldsins þegar í stað enda samþykkti hann með undirritun sinni beiðni áfrýjanda. Því tel ég að svo hafi verið um

samið að gjalddagi fyrsta iðgjaldsins skyldi vera er áfrýjanda bærisk slík krafa um greiðslu þess, sbr. upphafsákvæði 33. gr. laga nr. 20/1954. Gegn mótmælum áfrýjanda er ósannað að honum hafi verið sendur gíróseðill. Innheimtulististefnda er ekki sönnun um að gíróseðill hafi verið sendur. Ég tel því ósannað að áfrýjandi hafi verið krafinn um greiðslu fyrsta iðgjaldsins er tjónatburðurinn varð og því hafi samningur aðilanna þá verið í gildi og ábyrgð stefnda virk. Var það og á valdi stefnda að segja brunatryggingunni upp ef hann taldi iðgjaldið ekki greitt á réttum tíma sbr. 13. gr. laga nr. 20/1954. Er einnig á það að líta að stefndi var krafinn um endurnýjunariðgjald fyrir brunatrygginguna tímabilið 1. janúar 1984 - 1. janúar 1985 og reiknaðir dráttarvextir í apríl 1984 af ógreiddu iðgjaldi þrátt fyrir ákvæði 15. gr. laga nr. 20/1954. Ég tel að við framangreindar aðstæður geti stefndi ekki borið fyrir sig að ábyrgð hans á tjóni áfrýjanda sé fallin niður vegna tómlætis hans.

Ég tel mótmæli stefnda gegn réttmæti váttryggingarfjárhæðarinnar hafa komið of seint fram og því verði ekki á þeim byggt.

Samkvæmt þessu tel ég að dæma beri stefnda til að greiða áfrýjanda váttryggingarfjárhæðina, 500.000,00 krónur, að frádregnu fyrsta iðgjaldinu, 2.563,40 krónum, og iðgjaldi fyrir tímabilið 1. janúar 1984 til 1. janúar 1985, 8.680,80 krónur, eða 488.755,80 krónur ásamt vöxtum eins og krafist er, svo og 100.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. febrúar 1985.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 31. janúar sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu birtri 22. júní 1984 af Marinó Jónssyni, nnr. 6474-5484, Langholti 8, Þórshöfn, gegn Samvinnutryggingum g.t., Ármúla 3, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi greiði váttryggingarbætur kr. 651.319,20 með 15% ársvöxtum frá 1. mars 1984 til 28. júní s.á., en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en til vara að stefndi greiði váttryggingarbætur kr. 493,447,00 með sömu vöxtum. Í báðum tilvikum dragist iðgjald kr. 2.653,40 frá tildæmdum fjárhæðum, en málskostnaðar er krafist úr hendi stefnda ásamt dómvöxtum af honum frá aðfararhæfi dóms til greiðsludags.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu.

Stefnandi byggir kröfur sínar á váttryggingarsamningi, sem hann telur að komist hafi á milli aðilja og hafi verið í fullu gildi þegar váttryggingar- atburðurinn varð aðfararnótt 1. janúar 1984. Tildrög hafi verið þau að stefnandi og félagi hans, Friðrik Jónsson, hafi átt veiðarfæri í sameign sem geymd voru í Lækjarflöt, húsi Agnars Vilhjálmssonar á Þórshöfn, og hafi þeir viljað váttryggja þau. Stefnandi hafi farið til umboðsskrifstofu stefnda á Þórshöfn og undirritað þar beiðni um brunatryggingu hinn 8. september 1983, og hafi váttryggingarfjárhæðin verið kr. 500.000,00 og hafi átt að hækka skv. verðlagsvixitölu. Stefnandi hafi boðist til að greiða iðgjaldið strax en starfsmaður umboðsins, Þorkell Guðfinnsson, hafi ekki viljað taka við greiðslu og sagt að stefnandi yrði krafinn með giróseðli frá aðalskrifstofunni í Reykjavík þar sem skirteinið yrði gefið út. Iðgjaldið hafi stefnandi ekki greitt þar sem giróseðill hafi aldrei borist honum í hendur.

Aðfararnótt 1. janúar 1984 hafi geymslan brunnið og öll veiðarfærin þar með, en þau hafi verið þessi a.m.k.:

30 stk. þorskanet nýuppsett og 360 netahringir.

268 stk. grásleppunet (löng).

40 baujur og belgir.

60 færi 10 fadma (nælon 8-14 m/m).

Grunur hafi leikið á að kveikt hafi verið í húsinu og hafi rannsókn farið fram af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins en ekkert hafi verið upplýst um eldsupptök.

Stefnandi kveðst aldrei hafa fengið neina kröfu um greiðslu iðgjalds, hvorki með giróseðli né á annan hátt, fyrr en 5. eða 6. janúar 1984, er honum hafi borist giróseðill dags. 1.01. 1984 með viðfestri endurnýjunarkvittun 1. janúar 1984 fyrir váttryggingartímabilið 1. janúar 1984 til 1. janúar 1985. Þar sé vísað í skirteini nr. 41-19615, verðtryggð brunatrygging, skilmálar 1. Hið tryggða sé veiðarfæri í geymslu, tryggingarstaður Lækjarflöt, Þórshöfn. Tryggingarupphæð kr. 660.000,00. Hækkun verðlagsvixitölu 32%. Iðgjald kr. 6.844,00, viðlagatrygging kr. 165,00, söluskattur kr. 1.651,80, samtals kr. 8.680,80.

Stefnandi hafi kafið stefnda um váttryggingarbætur eftir að skýrsla rannsóknarlögreglu hafi legið fyrir, en engin svör hafi fengist hjá stefnda í fimm mánuði þar til honum hafi verið tjáð að bætur yrðu ekki greiddar. Stefnandi telji að stefnda beri að greiða bæturnar þar sem stefndi hafi sjálfur vanrækt að krefjast iðgjaldsins og af 14. gr. 1. mgr. laga nr. 20/1954 leiði að stefndi sé ábyrgur fyrir greiðslu bótanna. Stefndi hafi getað innheimt fyrsta iðgjaldið þegar við gerð sammingsins 8. september 1983 og því hafi það verið alfarið á ábyrgð stefnds að gjaldið var ekki greitt þá. Engin upp-

sögn hafi farið fram. Stefndi hafi haldið því fram að ábyrgð hans hafi fallið niður en sönnunarbyrði um það liggja á stefnda sjálfum. Stefndi þurfi að sanna að iðgjaldsins hafi verið krafist en það hafi ekki verið gert. Upplýst sé í málinu að engin ítrekun hafi verið gerð og stefnandi hafi ekki verið aðvaraður um vanskil og afleiðingar þeirra. Hér komi því einnig neytendasjónarmið til athugunar og verja þurfi hinn almenna tryggingartaka gegn ofurvaldi félagsins sem ráði og hafi yfirhöndina í þeirra samskiptum.

Kröfufjárhæð í aðalkröfu sé byggð á verðbótum á upphaflegri váttryggingarfjárhæð, en til vara sé krafist bóta skv. upphaflegri váttryggingarfjárhæð.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að ábyrgð félagsins hafi ekki verið fyrir hendi þegar tjónið varð vegna vanskila á iðgjaldinu. Iðgjaldið fyrir tímabilið frá 8. september 1983 til 1. janúar 1984 hafi fallið í gjalddaga við gerð samningsins 8. september 1983. Það hafi ekki verið greitt þá, en ráð fyrir því gert að greitt yrði samkvæmt giróseðli sem sendur yrði frá aðalskrifstofu, enda beiðnin send þangað og þar væri skirteinið gefið út. Váttryggingarbeiðnin hafi borist aðalskrifstofu 15. september 1983, og hafi skirteinið verið gefið út sama dag. Samkvæmt framlögðum gögnum úr bókhaldi stefnda hafi iðgjald váttryggingarinnar fram til 1. janúar 1984, en það sé almennur árlegur gjalddagi brunatryggingar hjá stefnda, verið kr. 2.653,40 og hafi stefnanda verið sendur giróseðill til greiðslu iðgjaldsins með pósti 21. september 1983. Stefnandi hafi aldrei greitt iðgjaldið og hafi því ekki fengið váttryggingarskirteinið, en hið váttryggða hafi farið forgörðum aðfararnótt 1. janúar 1984.

Með vísan til 1. mgr. 12. gr. laganna um váttryggingarsamninga nr. 20/1954 hafi fyrsta iðgjaldið fallið í gjalddaga um leið og váttryggingasamningurinn var gerður, enda ekki um annan gjalddaga samið. Því sé mótmælt að stefnandi hafi boðist til að greiða iðgjaldið strax 8. september. Hins vegar hafi verið gert ráð fyrir að greiðslan drægist í nokkra daga og yrði innt af hendi samkvæmt giróseðli. Þetta hafi ekki falið annað í sér en fyrirkomulag á greiðslu hins gjaldfallna iðgjalds.

Yrði hinni fyrstu málsástæðu stefnda hafnað og fallist á með stefnanda að giróseðill vegna iðgjaldsins hafi verið nauðsynlegur til þess að fullnægt væri áskilnaði 1. mgr. 14. gr. laganna, er önnur málsástæða stefnda sú, að giróseðill hafi verið sendur stefnanda hinn 21. september 1983. Sending giróseðla í almennum pósti sé og hafi verið langsamlega algengasta innheimtuaðferðin, hvort heldur af hálfu opinberra stofnana og fyrirtækja eða aðila í einkarekstri og félagsstarfsemi. Öll váttryggingarfélög hérlendis hafi notað þessa aðferð um árábil en þess sé enginn raunhæfur kostur að tryggja sönnur fyrir því að giróseðill hafi verið sendur eða komist til skila. Meginlíkur séu því fyrir því að stefndi hafi fylgt þessari föstu venju, enda sýni

tölvuútskrift úr bókhaldi hans það. Meginlíkur séu einnig fyrir því að gíróseðillinn hafi ekki misfarist í pósti og stefndi fengið hann í hendur. Stefndi hefði haft fullkomna sönnun hefði hann sent gíróseðilinn í ábyrgðarpósti. Slíkt sé þó mjög kostnaðarsamt en einnig sé áráttu að sækja alls ekki ábyrgðarbréf á pósthús. Almennur póstur sé því í raun vænlegri til þess að tryggja að móttakandi fái tilkynninguna í hendur. Stefndi bendi á athugasemdir með frumvarpi að lögnum varðandi 33. gr. og tilvísun til laga nr. 7/1936. Samkvæmt 39. gr. þeirra laga komi það sendanda tilkynningar, sem hafi verið afhent til flutnings með pósti, ekki að sök þótt tilkynningu seinki eða komist ekki til skila. Stefndi bendi á það, að stefnandi byggji alfarið á því að hann hafi ekki fengið hinn umrædda gíróseðil í hendur. Nái stefnandi fram kröfu sinni sé það dauðadómur yfir þessu innheimtufyrirkomulagi og við tæki eitthvert annað innheimtukerfi seinvirkt, fyrirhafnasamt og kostnaðarsamt.

Í þriðja lagi sé málsástæða stefnda sú, að hvað sem líði umræddum gíróseðli, hafi stefnandi ekki getað haldið að sér höndum mánuð eftir mánuð án þess að greiða iðgjaldið eða spyrjast fyrir um greiðslu þess. Hann hafi vitað að gíróseðill væri væntanlegur, þetta hafi verið fyrsta iðgjaldið, þetta sé lítill staður og nán samskipti milli manna. Stefndi hafi ekkert gert sjálfur og því hafi hann vanefnt sínar skyldur og ábyrgð stefnda fallið niður.

Til öryggis mótmæli stefndi aðalkröfu stefnanda sérstaklega hvað fjárhæð varði, þar sem hún miði við upphaflega váttryggingarfjárhæð að viðbættri 32% hækkun vegna verðtryggingar eins og fyrir allt árið 1984. Tjónið hafi hins vegar orðið á 1. degi ársins, og slík hækkun komist því ekki að. Stefndi mótmæli einnig kröfufjárhæð á þeim grundvelli að skv. upplýsingum frá meðeiganda stefnanda á veidarfærunum hjá rannsóknarlögreglu 9. janúar 1984 hafi grásleppunetin ein sér verið metin á kr. 150.000,00 og sé þorskanetunum bætt við fyrir kr. 50.000,00 sé ljóst að tjónið hafi numið í mesta lagi kr. 200.000,00, og hafi því hvergi nærri váttryggingarfjárhæðinni verið.

Niðurstaða.

Upplýst er og óumdeilt í málinu að svo hafi verið um samið við gerð váttryggingarsamnings aðilja 8. september 1983 að stefnandi fengi sendan gíróseðil frá aðalskrifstofu stefnda fyrir sunnan til innheimtu á fyrsta iðgjaldinu og að hann myndi greiða þann seðil. Sending gíróseðilsins til stefnanda var því nauðsynleg til þess að fullnægt væri áskilnaði 1. mgr. 14. gr. laga nr. 20/1954, eins og samkomulagi aðilja var háttað.

Stefndi heldur því fram að gíróseðill hafi verið sendur stefnanda 21. september 1983. Hann hefur lagt fram innheimtulista úr tölvubókhaldi sínu þar sem skráðar eru upplýsingar um tryggingartaka og váttryggingar þeirra,

þar sem þess er getið að slíkur seðill hafi verið sendur stefnanda þann dag. Skjalfest sönnun um sendingu giróseðla eða annarra bréfa í almennum pósti er ekki til. Sending giróseðla er algeng aðferð við innheimtu ýmissa gjalda og er notuð af öllum váttryggingarfélögum. Ekki er ástæða til að ætla annað en sami háttur hafi verið á hafður við sendingu giróseðilsins til stefnanda eins og til annarra móttakenda slíkra bréfa. Fallast ber því á með stefnda að löglíkur séu fyrir því að stefnanda hafi verið sendur umræddur seðill hinn 21. september 1983. Jafnvel þótt honum hefði ekki borist seðillinn í hendur, sem ólíklegt er, hefði stefnandi ekki getað verið aðgerðarlaus í meira en þrjá mánuði um greiðslu á þessu fyrsta iðgjaldi tryggingarinnar.

Þess vegna verður fallist á með stefnda að vegna vanskila stefnanda hafi ábyrgð félagsins verið lokið þegar tjónsatburðurinn varð og ber að sýkna hið stefnda félag af öllum kröfum stefnanda.

Rétt þykir að hvor aðila beri sinn málskostnað.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Samvinnutryggingar g.t., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Marinós Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
